

og kröfur Félagsheimilisins Skúlagarðs að fjárhæð kr. 85.000.00.

Tekin verður afstaða til kröfu Þórarins Haraldssonar sjálfs svo og málskostnaðarkrafna í því sambandi við endanlegan dóm í málinu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi, Þórarinn Haraldsson, greiði stefnda Asa Film Produktion A/S kr. 2.000.00 í málskostnað í þessum þætti málsins. Hins vegar verður stefnda Just Betzer eigi dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfu Ræktunarsambands Norður-Þingeyinga að fjárhæð kr. 12.187.50 og kröfu Félagsheimilisins Skúlagarðs að fjárhæð kr. 85.000.00 er vísað frá dómi.

Málskostnaður til handa stefnda Just Betzer er eigi til-dæmdur.

Stefnandi, Þórarinn Haraldsson, greiði stefnda Asa Film Produktion A/S kr. 2.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. marz 1969.

Nr. 44/1968. **Ingimundur Jónsson**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Kolbeini Guðmundssyni og

Engilbert Kolbeinssyni

(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. marz 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. febrúar sama ár. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt

kr. 89.766.20 með 7% ársvöxtum frá 18. október 1961 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði, eins og málið hefði eigi verið gjafsóknarmál þar, svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefndi Kolbeinn hefur fengið gjafvörn í málinu með bréfi dómsmálaráðuneytisins 30. apríl 1968.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa skipstjórnarnir Jón Guðjónsson, Einar Sigurðsson og Sverrir Bragi Kristjánsson komið fyrir dóm og gefið skýrslur. Þá hefur Gunnar Bergsteinsson sjómælingamaður markað á uppdrátt dýpi við bryggjuna í Vogum miðað við meðalstórstraumsfjöru. Einnig gaf hann umsögn um málið, og segir þar meðal annars: „Eins og sjá má af uppdrætti þeim, sem ég hefi gert af höfninni í Vogum eftir mælingakorti Hafnarmálastofnunarinnar, er ekkert sker nálægt bryggjunni. En vestur af bryggjunni er grunn, sem liggur suður með henni, og er sennilega átt við það, þegar minnst er á sker í réttarskjölunum. Minnsta dýpi á grunni þessu er 1.1 m við stórstraumsfjöru.

Samkvæmt flóðtöflum mun flóð hafa verið um kl. 13.05, en fjara um kl. 19.40 hinn 18. október 1961. En samkvæmt réttarskjali nr. 7 hefur slysið viljað til um kl. 16.40 eða á hálfkölluðum sjó. Dýpi hefur því verið um 2 metrum meira en uppdrátturinn sýnir og sjávaryfirborð rúmlega þrem metrum neðan við bryggjuþekju, en hæð hennar er 5.4 m yfir fjöruborði því, sem dýptartölur kortsins eru miðaðar við“.

Eigi er í ljós leitt, að slys það, sem mál þetta er risið af, verði rakið til vanbúnaðar skipsins, mistaka skipstjórans, stefnda Engilberts, við stjórn tök þess eða annarra orsaka, sem stefndu bera ábyrgð á. Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sýknu stefndu af kröfum áfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Áfrýjandi hafði fengið gjafsókn í máli þessu í héraði með

bréfi dómsmálaráðuneytisins 23. desember 1963. Héraðsdómi hefur láðst að kveða á um greiðslu málskostnaðar í samræmi við ákvæði 174. gr. laga nr. 85/1936. Verða skipuðum talsmanni áfrýjanda í héraði því ákveðin hér málflutningslaun, kr. 15.000.00.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda Kolbeins fyrir Hæstarétti ákveðast kr. 15.000.00, er greiðist úr rikissjóði.

Dómsorð:

Stefndu, Kolbeinn Guðmundsson og Engilbert Kolbeinsson, eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjanda, Ingimundar Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í héraði, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmans, kr. 15.000.00, og málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda Kolbeins Guðmundssonar fyrir Hæstarétti, Árna Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmans, kr. 15.000.00, greiðist úr rikissjóði.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 5. júní 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. maí s.l., hefur Ingimundur Jónsson vélstjóri, Gilhaga 1 við Breiðholtiðsveg í Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birttri 6. janúar 1964, gegn Kolbeini Guðmundssyni útgerðarmanni og Engilbert Kolbeinssyni skipstjóra, báðum til heimilis að Auðnum í Vatnsleysustrandarhreppi, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 89.766.20 með 7% ársvöxtum frá 18. október 1961 til greiðsludags auk málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 23. desember 1963, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu og Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður skipaður til að flytja málið fyrir gjafsóknarhafa.

Af hálfu stefndu er þess krafizt aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara er þess krafizt, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð, enda verði þá málskostnaður látinn falla niður.

Aðalkrafa stefnanda er til greiðslu skaðabóta vegna slyss, sem hann varð fyrir um borð í skipi stefnanda, og sundurliðast þannig:

	Debet	Kredit
An: Útlagt	1.610.00	
— Atvinnutjón	79.176.00	
— Þjáningar	25.000.00	
Pro: Tryggingastofnun		16.019.80
— Jöfnuður		89.766.20

Alls kr. 105.786.00 105.786.00

Jöfnuðurinn svarar stefnufjárhæðinni.

Við munnlegan flutning málsins hefur af stefnanda hálfu verið fallið á, að tillit beri að taka til þess við ákvörðun bótanna, að þær séu skattfrjálssar.

Málavextir.

Á árinu 1961 var stefnandi vélstjóri á m/b Sæljóni, GK 103, þá eign stefndu. Skipstjóri á skipinu var stefndi Engilbert.

18. október það ár var skipið að leggjast að bryggju í Vogum á Vatnsleysuströnd. Bjart var af degi, lágsjávað og hátt upp á bryggju af þilfari. Nokkur alda var á og lítils háttar súgur við bryggjuna. Skipið sneri bakborðshlið að bryggjuhausnum, og var orðið fast að framan. Framendinn nam við bryggjuhausinn, en afturendinn var nokkuð frá bryggju. Stefnandi var aftur á, bakborðsmegin, og hafði kastað festi í land. Var annar endinn orðinn fastur á bryggjunni. Stefnandi hélt í hinn og hugðist festa hann í „krusshald“. Hafði hann tyllt tauginni eða fest. Taugin slóst í handlegg hans. Lenti handleggurinn í járngrindverki á borðstokknum og brotnaði.

Stefnandi sjálfur hefur skýrt svo frá þessum atburði hér fyrir rétti, að línustampar nokkrir hafi verið fyrir „krusshaldinu“, þar sem línuna skyldi festa. Hann kveðst hafa smeygt fangalínunni undir járngrindverkið á borðstokknum og brugðið endanum tvisvar um endastýringuna (kefa), meðan hann var að ryðja stömpunum frá. Hann kveðst hafa haldið í taugina með vinstri hendi, en stutt hægri hendi ofan á brögðin á endastýringunni. Þá segir hann skipstjórann hafa bakkað af svo miklum krafti, að hann hafi misst af tauginni og hægri handleggurinn slegist upp í grindverkið.

Bróðir stefnanda, sem var matsveinn á bátnum, var í stýrishúsi. Hann kveðst hafa gengið út að hliðarglugga bakborðsmegin, þegar báturinn tók að bakka. Hann kveður hafa verið bakkað tvisvar, lítið í fyrra skiptið, meira í hið síðara. Kveður hann hafa stríkkað mjög á afturfestinni, en síðan kveðst hann hafa orðið þess var, að slaknað hafi á henni. Leit hann þá út um gluggann og sá þá stefnanda sitja á hekkinu og halda um handlegginn. Vitnið kvaðst þess fullvisst, að skipt hafi verið aftur á. Hann sagði skipstjórann hafa hætt að bakka, þegar hann sagði honum, að eitthvað hefði komið fyrir aftur á.

Stefndi Kolbeinn var staddur á bryggjunni, þegar skipið lagði að. Hann skýrði svo frá hér fyrir dómi 18. nóvember 1964, að skipstjóri hafi bæði „keyrt í springinn“ og tekið aftur á bak, þegar hann var að reyna að ná bátnum að. Í sampröfun við meðstefnda Engilbert og stefnanda í sama þinghaldi kvaðst hann aðeins hafa séð, að báturinn fór aftur á bak, en um það, hvort skrífu hafi verið skipt aftur á eða ekki, kvaðst hann ekki geta borið. Stefndi Kolbeinn segir, að fangalínan að aftan hafi legið ofan á grindverkinu og að stefnandi hafi vafið hana um endann á „krusshaldinu“. Kveður hann línuna hafa gengið aftur og fram á grindverkinu, eftir því hvernig skipið færðist til.

Stefndi Engilbert hefur skýrt svo frá atvikum í skriflegri skýrslu, sem hann hefur staðfest hér fyrir dómi, svo og í reglulegri aðiljaskýrslu, að eftir að fast var orðið að framan, hafi hann tekið að „keyra í springinn“ til að ná afturendanum að bryggjunni. Hann kveðst hafa staðið við stjórnþæki skipsins stjórnborðsmegin í stýrishúsinu og því ekki getað séð til stefnanda, þar sem hann var staddur, án þess að yfirgefa stjórnþækin, enda sé hliðarglugginn lítill og að nokkru hulinn af dýptarmæli. Hann kveður ekki hafa verið tímabært að setja fast að aftan og kveðst enga skipun hafa gefið um, að svo skyldi gert. Hann kveðst ekki hafa bakkað, en telur, að vera megí, að hann hafi kúplað frá og báturinn þá sakkað aftur.

Vitnið Hjartvar S. Poulsen hefur skýrt svo frá fyrir sakadómi í Færeyjum, að hann hafi á þessum tíma starfað sem landmaður í Vogum og verið staddur á bryggjunni, er slysið varð. Hann kveðst muna, að stefnandi hélt með annari hendi bragði um kjálka á borðstokknum og dró inn línuna, eftir því sem báturinn færðist nær, meðan skipstjórinn keyrði í framtugina. Hann kveður útilokað, að skipstjórinn hafi bakkað. Vitni þetta varð

ekki eiðfest, þar sem dómurinn taldi þess ekki þörf, og vísaði um það atriði í 186. gr. réttarfarslaganna.

Stýrimaðurinn á skipinu hefur gefið skýrslu fyrir réttinum og staðfest hana með eiði. Hann skýrir svo frá, að hann hafi verið fram á og kastað upp línu, sem fest var bæði á bryggjunni og um borð. Hann kveður hafa verið keyrt í framtugina til að ná bátnum að bryggjunni. Hann kveður hafa verið kastað fangalínu upp að aftan, þegar skipið tók að nálgast bryggjuna. Hann kveður línuna hafa verið festa við polla á bryggjunni og einnig um borð, en ekki rétt, því að línan hafi legið yfir grindverkið. Hann kveðst ekki minnst þess, að stampar væru fyrir „krusshaldinu“. Hann kveður ekki hafa verið keyrt í afturlínuna, en viðurkennir, að ekki finnist frammi í bátnum, ef bakkað er, nema það sé gert af miklum krafti. Hann telur hins vegar, að hann mundi hafa séð á ferð bátsins, ef bakkað hefði verið. Hann segir bátinn aðeins hafa sakkað aftur á, þegar stytt var í framtuginni og kúplað frá.

Í skýrslu vitnisins Hjartvars Signars segir, að sker hafi verið fyrir aftan bátinn, sem skipið hefði rekizt á, ef aðeins hefði verið bakkað lítið eitt. Stefndi Engilbert getur einnig um sker þetta í skýrslu sinni og segir, að komið hafi fyrir, að bátar strönduðu á því. Rétturinn hefur sjálfur farið á vettvang og skoðað aðstæður um fjöru. Sást þá greinilega móta fyrir skeri svo sem bátslengd frá bryggjuhausnum, og hefur afturhluti skipsins stefnt beint á það, ef það hefur legið skáhallt við bryggjuhausinn.

Stefndi Engilbert hafði réttindi til að stjórna 30 lesta skipi og undanþágu til að stjórna m/b Sæljóninu, sem hefur 335 ha. vél. Höfðu þeir feðgar nýlega fest kaup á skipinu, er slysið varð, en áður hafði stefndi Engilbert stjórnað skipi með 240 ha. vél. Vitnið Hjartvar Signar, sem segist hafa siglt með stefnda Engilbert, ber, að hann hafi alltaf stýrt skipi einstaklega vel.

Ekkert mun hafa verið skráð í skipsdagbók um atburðinn, og sjóferðaskýrsla var ekki gefin fyrir rétti.

Höfuðmálsástæður.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að slysið hafi orðið fyrir yfirsjón eða vanrækslu stefnda Engilberts við stjórn skipsins og beri meðstefndi Kolbeinn húsbóndaábyrgð á tjóninu samkvæmt 13. gr. siglingalaga nr. 56/1914. Bótaábyrgð stefnda Engilberts er talin byggjast á almennu skaðabótareglunni.

Það atvik, að stefndu létu ekki taka sjóferðaskýrslu fyrir dómi út af slysinu, er talið eiga að varða því, að á þá verði lögð þyngri sönnunarbyrði en ella hefði verið.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að slysið hafi orðið fyrir mistök stefnanda, sem hafi unnið verk það, sem hann slasaðist við, án þess að honum hefði verið skipað að framkvæma það, enda hafi það verið ótímabært. Hafi hann farið rangt að við verkið og sé það orsök slyssins. Á því er byggt, að stefndi Engilbert hafi stjórnað skipi sínu óaðfinnanlega.

Ályktun réttarins.

Ekki verður talið sannað, að ótímabært hafi verið að setja fast að aftan, þegar stefnandi hófst handa, og ekki verður talið fullsannað, að hann hafi farið öðruvísi að en rétt var þrátt fyrir framburð meðstefnda Kolbeins og stýrimanns. Á hinn bóginn verður ekki talið, að það atvik, að stampar voru fyrir „kruss-haldinu“, sé þannig ámælisvert, að bótaábyrgð verði. Telja verður, að stórlega gálauslegt hefði verið af skipstjóra að fara frá stjórnækjum skipsins til að skyggjast út um hliðargluggann bakborðsmegin, eins og á stóð. Telja verður ósennilegt og ósannað, að skipstjórinn hafi bakkað í umrætt sinn, meðal annars vegna nálægðar skersins við bryggjuhausinn. Yfir höfuð verður ekki séð, að skipstjórinn hafi gerzt sekur um nokkurt það atferli, sem leiði til þess, að ábyrgð verði á lögð samkvæmt almennu skaðabótareglunni. Stefnandi vann við algengt starf í umrætt sinn, sem ekki verður talið sérlega hættulegt. Ekki verður talið, að nokkur lagaregla leiði til, að lögð verði bótaábyrgð á stefndu í máli þessu.

Í 45. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914 er skipstjóra m. a. gert skylt að gefa sjóferðaskýrslu, ef maður ferst voveiflega af skipinu. Skylda þessi nær ekki til atviks þess, sem hér er fjallað um.

Telja verður líklegast, að óhappatilviljun hafi valdið um, hvernig fór. Skipið mun hafa sakkað aftur á, þegar stríkkaði á framtuginni og skrífan var tengd frá. Súgur við bryggjuna kann að hafa valdið hér nokkru um.

Telja verður, að stefnandi hafi nú þegar beðið nægilegt tjón af slysi sínu, og verður honum ekki lagt það til lasts, þótt hann freistaði þess að fá upplýst fyrir dómi um atvik að slysinu og úrlausn um bótaábyrgð. Þykir því hæfa að málskostnaður verði látinn falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, full-

trúi bæjarfógeta, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Þorsteinn Einarsson skipstjóri og Þorsteinn Eyjólfsson skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndu, Engilbert Kolbeinsson og Kolbeinn Guðmundsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Ingimundar Jónssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 28. marz 1969.

Nr. 4/1969. **Almennar tryggingar h/f**
og Stefán Tryggvason
 (Guðmundur Pétursson hrl.)
 gegn
Rannveigu G. Kristjánsdóttur og gagnsök
 (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1969. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. janúar 1969. Gerir hún þær dómkröfur, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða henni óskipt kr. 270.946.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi eru aðiljar sammála um, að slys það, sem málið fjallar um, hafi orðið vegna ógætni ökumanns bifreiðarinnar, aðaláfrýjanda